

Tíminn

Utgefandi: Frámsóknarflokkurinn
 Framkvæmdastjóri: Jóhann H. Jónsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Jóhanna B. Jóhannsdóttir. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórn: Þórarinn Þórarinnsson, Elías Snæland Jónsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Páll Magnússon. Umsiðarmaður Helgar-Tímans: Illugi Jökullsson. Blaðamenn: Agnes Bragadóttir, Bjarghildur Stefánsdóttir, Egill Helgason, Friðrik Indriðason, Friða Björnsdóttir (Heimilis-Tíminn), Halldór Valdimarsson, Heiður Helgadóttir, Jónas Guðmundsson, Jónas Guðmundsson, Kristinn Hallgrímsson, Kristín Leifsdóttir, Ragnar Örn Pétursson (Íþróttir), Skafti Jónsson. Utlífs-
 teikun: Gunnar Trausti Guðbjörnsson. Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Robert Agússon, Elin Ellertsdóttir. Myndasafn: Eygló Stefánsdóttir. Prófkir: Kristín Þorbjarnardóttir, María Anna Þorsteinsdóttir.
 Ritstjórn, skrifstofur og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingasími: 18300. Kvöldsímar: 86387, 86392. — Verð í lausasölu 5.00. Askritfargjald á mánuði: kr. 85.00 — Prentun: Bláaprent h.f.

Orsakir efna- hagsvandans

■ Eins og oft hefur verið rakið hér í blaðinu, glíma vissar greinar útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisiðnaðarins svonefnda við verulega rekstrarerfiðleika um þessar mundir. Nauðsynlegt er, að unnið verði markvisst að því að leysa vanda þessa atvinnurekstrar. Fyrst er þá að gera sér grein fyrir því, hverjar orsakir hans eru.

Framar öðru er það verðbólgan. Þótt verulega hafi áunnizt á þessu ári í viðureigninni við verðbólguna, er hún enn alltof mikil og miklu meiri en í þeim löndum, sem við verzlum við. Af þessu leiðir, að kaupgjald hækkar örur og meira í krónutölu hjá okkur en viðkomandi þjóðum og vextir eru einnig miklu hærri. Vaxtakostnaðurinn er sérstaklega tilfinnanlegur hér vegna verðbólgunnar.

Til viðbótar þessu kemur það hjá iðnaðinum, að hann býr enn við lakari kjör en sjávarútvegur og landbúnaður í skattamálum og lánamálum. Því hefur verið marglofað af öllum flokkum að skapa iðnaðinum hliðstæð kjör og hinum aðalatvinnuvegunum tveimur í þessum efnum, en það verið vanefnt fram að þessu.

Loks eru svo ýmsir tilfallandi erfiðleikar, sem komið hafa til sögu á þessu ári hjá vissum atvinnugreinum.

Yfir þessa bráðabirgðaerfiðleika hefði vel mátt komast, ef verðbólgan stæði ekki í veginum. Takist ekki að draga meira úr henni, verður ekki ráðið fram úr meginvanda atvinnurekstrarins, t.d. háum vöxtum og örum kauphækkunum, nema rétt til bráðabirgða eins og gert hefur verið með gengisfellingum og gengissigi á undangengnum árum með þeim afleiðingum, að verðbólgan hefur stöðugt verið að aukast.

Gengislækkun

Ýmsir tala enn um það, eins og leiðtogar stjórnarandstæðinga, að vanda atvinnurekstrarins megi leysa með einni gengisfellingunni enn. Reynslan sýnir þó ljóslega, að slíkt er engin lækning. Gengisfelling hækkar verðlagið og eykur þannig verðbólguna. Eftir stuttan tíma er árangur hennar fyrir atvinnuvegina orðinn enginn, en verðbólgan hefur magnast á þeim tíma.

Með þessu er ekki sagt, að gengislækkun komi aldrei til greina. Hún getur verið þáttur í viðtækari ráðstöfunum, sem miða að því að eyða verðbólguáhrifum hennar. Um þetta er nýlegt dæmi hjá Svium, sem hyggjast lækka söluskatt jafnhliða gengislækkun.

Ef ekki á að gefast upp við niðurfærslu verðbólgunnar, er einhliða gengisfelling aðeins gálga-frestur, sem innan tíðar gerir illt verra. Hér þurfa að koma til margþættar samverkandi aðgerðir, ef leysa á vandann á raunhæfan hátt.

Markið, sem stefna ber að, verður að vera það, að treysta atvinnuöryggi og kaupmátt launa, án þess að verðbólgan aukist á nýjan leik, heldur fari minnkandi. Þetta hefur ríkisstjórninni tekizt undanfarið. Miklu skiptir að það haldist áfram. En slíkt tekst ekki nema spyrnt verði við fótum á fleiri stöðum.

P.P.

á vettvangi dagsins

„Við réttum hjálparhönd” á Akureyri og um gervallan Eyjafjörð laugardaginn 3. október:


Látum bræðrapel efla systrasel

eftir Jón Arnþórsson

■ Við höfum vanrækt skyldur okkar við gamla fólkið, sem þó hefir búið svo margt í hendur okkur, og gert okkur kleift að byggja upp það neylusamfélag

velmegunar, sem við búum að í dag, og þykjast ekki geta án verið. Ýmsir hafa orðið til þess að benda á hvílikt vandræðaástand ríkir í þessum efnum, en fáir búið

orðum sínum betri stakk en Hrafn Sæmundsson, sem skrifaði m.a. eftirfarandi í Þjóðólf nýlega: „Öllum er kunnugt, að á undanförunum áratugum höfum við



■ „Systrasel.”

Vinnustofa verðlögð

Fáein orð um vinnustofu Kjarvals

Vinnustofa Kjarvals.

■ Jóhannes Sveinsson Kjarval listmálari var merkilegur maður (1885–1972). Hann starfaði að list sinni í Reykjavík frá 1922 og var talinn fremstur íslenskra málara á sinni tíð, skáld og rithöfundur þar á ofan, en síðast en ekki síst var hann mikill persónuleiki, og hann var partur af sál þessarar borgar, meðan hann lifði, var og hét.

Í stuttri blaðgrein er ekki auðvelt að gjöra grein fyrir Kjarval, fyrir þá sem ekki þekktu til hans. Ef til vill var hann líka margir menn, því flestir er honum kynntust, þó ekki væri nema örfáar mínútur, fannst þeim eiginlega þekkja þennan meistara mjög mikið, og náði, og er það ein gátan í viðbót um þennan mann.

Fyrstu árin í Reykjavík hafði Kjarval vinnustofu á rislofti í Austurstræti 12, en flutti svo annað, þegar kjör bötnuðu. Samt hélt hann fornum síðum og vinnustofunni og var eins við alla menn.

Valtýr Pétursson, listmálari, þá barnungur sendisveinn, kynntist Kjarval snemma og var oft í snúningum fyrir meistarann. Hann ritar á þessa leið um Vinnustofu Kjarvals, m.a.:

„Að koma á stofu til Kjarvals máist ekki úr minningu manns, sem þangað lagði leið sína. Sá, er eitt sinn leit inn til málaraans á efstu hæðinni í Austurstræti 12, átti raunverulega ekki þaðan afturkvæmt samur maður. Það, sem þar var innan veggja, festist svo rækilega í vitundinni, enda þeir straumar og það andrúmsloft, sem þar ríkti, vart af þessum heimi. Furðuveröld um alla veggj

og dýrðleg málverk hér og þar um alla stofuna. Á trönum óklár- að málverk, kistill með gómsætum flatkókum og hönk af hákarli og síðast en ekki síst húsbóndinn, sjálfur malarinn, klæddur vinnu- úlpu með barðamikinn hatt á höfði, pensil í munni og litaspjald í hendi. Hér var unnið”

Þótt hér hafi verið látið að því liggja, að margir menn ofmeti kynni sín af meistara Kjarval, hygg ég að það eigi aðrar rætur, en hina venjulegu, þegar menn gorta af kynnum sínum við merka menn. Kjarval var aðeins svo áhrifaríkur persónuleiki, að örfá orð urðu ógleymanleg. Og fullyrða má að þótt hann hafi málað betri myndir en aðrir menn, þá skila þær myndir aðeins broti af meistara Kjarval til komandi kynslóða. Alveg eins og

